

Úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2021, þriðjudaginn 22. júní, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Ástu Björk Eiríksdóttur, Ernu Birgisdóttur og Gunnari Guðmundssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 6/2021:

Meint brot gegn reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga og reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu.

Gögn málsins merkt nr. 1-10 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

FootpadSport

Alvaro Montejo Calleja

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 11. júní 2021. Aðilum máls var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. 11. júní 2021. Greinargerð barst frá aðilum máls innan frestsins þann 18. júní 2021.

II.

Málsatvik:

Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 22. júní 2021 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 11. júní 2021, í samræmi við 2. mgr. 19. gr. laga KSÍ. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði meint brot á reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu.

Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að einungis umboðsmenn sem skráðir hafa verið hjá KSÍ eða öðru knattspyrnusambandi innan FIFA í samræmi við reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu megi starfa sem umboðsmenn leikmanna eða félaga við samningsgerð og félagaskipti aðildarfélaga KSÍ. Skulu slíkir umboðsmenn starfa samkvæmt reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu og samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. KSÍ beri að halda skrá um umboðsmenn í knattspyrnu og ef leikmaður eða aðildarfélag KSÍ nýtur aðstoðar umboðsmanns, við gerð leikmannasamnings og/eða félagsskipti, þá skuli umræddur umboðsmaður vera á skrá KSÍ um umboðsmenn. Á umboðsmönnum hvíli m.a. sú skylda að inna af hendi árgjald að fjárhæð kr. 100.000,-, þeir skuli sýna fram á óflekkað mannorð og undirrita staðlaða yfirlýsingu umboðsmanns.

Í greinargerð framkvæmdarstjóra kemur einnig fram að KSÍ hafi móttengið upplýsingar þess efnis að FootpadSport starfaði sem umboðsmaður á Íslandi án þess að félagið eða nokkur einstaklingur á þess vegum, hafi verið skráður á skrá KSÍ um umboðsmenn. Svo virðist sem FootpadSport, hafi á undanförunum árum, aðstoðað við gerð leikmannasamninga og félagsskipti við aðildarfélög KSÍ, án þess að farið væri eftir fyrirmælum laga og reglugerða KSÍ um umboðsmenn. Máli sínu til stuðnings vísaði framkvæmdarstjóri til eftirtalinna ummæla á heimasíðu Footpad sport:

- a. “Footpad is a company that represents football players with the extensive experience of its partners in the world of football and whose primary objective is to guide the player's career, as well as providing a comprehensive advisory service.”
- b. “The Icelandic football market has become key for our company and our footballers. Our role in this sector is to help our players not only achieve greater professional growth but also to accompany them during a unique experience.”.
- c. “Our company, with ample experience in the country, takes care of advising the player both on and off the field to ensure they adapt as quickly as possible. Iceland, is a small country which is experiencing a lot of growth in football recently. It's an ideal country to make your dreams come true and have a once in a lifetime experience. Making it to the Champions League or Europa League is within your reach!”
- d. “Ignacio Gil (current player of Vestri: “The truth is that without them [Footpad Sport] it wouldn't have been possible. I was looking for some option to go out and play and, one day talking to them, they offered me the possibility to go to Iceland and I did not hesitate. I'm in the second division, with clear promotion options and a signed professional contract, something that is much more difficult to achieve in Spain.””
- e. “Gonzalo Zamorano (current player of ÍBV: „It [Footpad Sport] has influenced a lot and at all times when I've had bad times they have been there to help me with what I needed.”

Þá hafi KSÍ einnig borist upplýsingar þess efnis að leikmaður að nafni Alvaro Montejó Calleja, núverandi leikmaður Þórs Akureyri, starfaði á vegum Footpad Sport. Það væri mat framkvæmdarstjóra að ef atvinnumaður á Íslandi starfaði samtímis sem umboðsmaður í knattspyrnu, þá bryti það gegn ákvæðum reglugerðar FIFA um umboðsmenn í knattspyrnu og þar með gegn ákvæðum reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu.

Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál var greinargerð framkvæmdarstjóra send til aðila máls og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina fyrir kl. 12:00 föstudaginn 18. júní 2021.

Í greinargerð sem barst aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hinn 18. júní 2021, frá FootPad Sport, kom m.a. eftirfarandi fram:

“Foot Pad Sport S.L. (hereinafter referred as “FPS”) is a recently former company under the laws of Spain with company number B-88237789 whose registered office is at Maria De Maeztu number 138, block B, floor 3º B, Zip Code 28049, Madrid, Spain.”

“FPS has been formed on 2018 and started working with players in Spain since 2019.”

“FPS is represented by Jaime Montejo Calleja, brother of Alvaro Montejo Calleja, who is a registered agent with agent number 968 under the Spanish Football Association and the represent of FPS.”

“...Alvaro is having informal conversations with any interested person, as the majority of them have friends in common with Alvaro. In the event that the matter become more serious, Alvaro always provide the contact details of his brother to arrange the conditions with the players and in specific cases, Alvaro is doing translations tasks between the clubs and his brother as his brother does not speak English. In any case, it has to be highlighted that Alvaro is not doing any intermediary work between players and clubs, Alvaro is just putting in contact players and clubs with his brother.”

“FPS believes that it has provided this Esteemed Authority with all the elements necessary to close this investigation without ascertaining any violation of articles 19.2 of the KSI statutes and article 9 of KSI regulations on agents in football.”

III.

Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort starfsemi FootPadSport og aðkoma Alvaro Montejo Calleja, sem rakin er í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 11. júní 2021, brjóti gegn grein 14.7 reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga og grein 3 reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu.

Samkvæmt grein 14.7 í reglugerð KSÍ um félagsskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, mega einungis umboðsmenn sem skráðir hafa verið hjá KSÍ eða öðru knattspyrnusambandi innan FIFA í samræmi við reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnum starfa sem umboðsmenn leikmanna eða félaga við samningagerð og félagsskipti. Skulu slíkir umboðsmenn starfa samkvæmt reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu og framangreindri reglugerð um KSÍ um félagsskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Í svarbréfi FootPad Sport kemur fram að félagið hafi verið starfrækt síðan 2019 og að félagið sé skráður umboðsmaður hjá spænska Knattspyrnusambandinu og hafi staðið skil á árlegum greiðslum til knattspyrnusambandsins til að fá tilskilið leyfi til að starfa sem umboðsmaður samkvæmt reglugerðum FIFA og hafa heimild til að vera fulltrúi spænskra leikmanna. Þá kom fram í svarbréfi FootPad Sport að fyrirsvarsmáður félagsins sé Jaime Montejo Calleja, bróðir Alvaro Montejo Calleja. Alvaro starfi ekki á vegum félagsins heldur útvegi hann leikmönnum sem til hans leita, upplýsingar um tengiliði hjá FootPad Sport og gegni hlutverki túlks, þegar þörf er á, þar sem Jaime tali ekki ensku.

Samkvæmt grein 3.1 reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu, skal KSÍ halda skrá um umboðsmenn í knattspyrnu. Samkvæmt grein 3.2 sömureglugerðar er það skylda leikmanna og félaga, sem nota umboðsmenn, að skila til KSÍ Yfirlýsingu umboðsmanns. Af framansögðu er ljóst að skyldan til að skila Yfirlýsingu umboðsmanns til KSÍ hvílir á leikmönnum og aðildarfélögum, ekki umboðsmönnum.

Með vísan til framangreinds verður ekki séð að FootPadSport eða Alvaro Montejo Calleja hafi brotið gegn ákvæðum reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga eða reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu.

IV.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]